

STARFSREGLUR

**um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað
prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.**

1. gr.

3. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

II. flokkur - kr. 380 þús. á ári.

- a) Embætti sóknarprests á höfuðborgarsvæðinu sem starfar einn og með fleiri en eina sókn.
- b) Embætti sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
- c) Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
- d) Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
- f) Ennfremur vegna starfa prófasta í viðfeðmum prófastsdæmum.

2. gr.

4. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

III. flokkur - kr. 600 þús. á ári.

- a) Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri og þar sem sóknir hafa verið sameinaðar og messuskylda helst.
- b) Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
- c) Embætti presta erlendis.
- d) Embætti héraðspresta í dreifbýli og í viðfeðmum prestaköllum.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi, eru settar skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi þegar í stað. Skulu greiðslur samkvæmt d lið 2. gr. starfsreglna þessara hefjast frá og með 1. janúar 2013.

Reykjavík, 13. mars 2013.

Magnús E. Kristjánsson,
forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2013